



FRÉTTABRÉF

Verkalýðsfélags Akraness

Mái 2014

Netfang: vlfa@vlfa.is • Heimasíða www.vlfa.is



Flestir kjarasamningar í höfn

Það sem af er árinu hefur starfsfólk og þeir trúnaðarmenn sem sitja í samninganefndum félagsins átt annrikt við kjarasamningagerð og eru nú allflestir kjarasamningar í höfn, þótt enn standi yfir viðræður um nokkra. Í upphafi árs var skrifað undir nýjan kjarasamning fyrir starfsfólk á almennum vinnumarkaði, í ljósi þess að sá samningur sem vel flest félög landsins gerðu í desember, en VLFA og fjögur önnur félög neituðu að skrifa undir, var felldur. Nýi samningurinn gefur 32.400 krónum meira á ári en sá sem gerður var í desember og má þakka þá viðbót andspyrnu þessara fimm félaga. Þó er nú ekki hægt að segja að samningurinn hafi verið góður, sérstaklega í ljósi þess að þeir launahópar sem sóttu sínar hækkanir eftir að gengið var frá þessum samningi, eins og til dæmis framhaldsskólakennarar og háskólamenn, fóru fram á og fengu í sinn hlut umtalsvert stærri sneið af launakökunni. Sannaðist þá enn og aftur hvers konar baráttu- og kjarkleysi er allsráðandi hjá forystu ASÍ sem reynir að þröngva hinn almenna launamann inn í samræmda launastefnu sem er ekki samræmdari en svo að enginn fylgir henni, eftir að búið er að skrifa undir við verkafólkið.

Þann 6. mars var skrifað undir kjarasamning við starfsmenn Síldarbræðslunnar. Var hann aðeins betri en kjarasamningurinn á hinum almenna vinnumarkaði og gaf starfsmönnum rúm 5% í launahækkun.

Nýr kjarasamningur við Elkem Ísland var undirritaður þann 21. mars og þar með var afstýrt verkfalli sem boðað hafði verið þann 25. mars. Starfsmenn höfðu þá verið í yfirvinnubanni frá 14. febrúar til að knýja á um betri hækkanir en fengust á almennum vinnumarkaði, enda um að ræða útflutningsfyrirtæki í umtalsvert betri stöðu til að skila góðri afkomu til starfsmanna sinna í formi launahækkana. Rétt áður en verkfall skall á náðust samningar og gefur nýr samningur starfsmönnum upp undir 9% launahækkun.

Einnig er búið að skrifa undir samning við Landsamband smábátaeigenda vegna vinnu í landi við uppstokkun, beitningu og netavinnu, við Bændasamtökin vegna starfsmanna á bændabýlum og í síðustu viku samþykktu þeir félagsmenn sem vinna hjá ríkinu sinn kjarasamning, en nánar er fjallað um hann hér í blaðinu. En ekki eru allir samningar í höfn, þegar þetta er skrifað standa viðræður enn yfir við Samtök atvinnulífsins vegna starfsmanna Klafa og starfsmanna sveitarfélaganna. Kjarasamningur smábátasjómannanna rann út 31. janúar síðastliðinn og aðrir sjómenn hafa verið samningslausir í rúm þrjú ár, eða frá því í janúar 2011. Það er óþolandi með öllu að á þremur árum hafi ekki náðst að landa samningi fyrir sjómenn, því þótt kjör sjómanna geti verið góð þegar vel árar eins og þessi misserin þá er ekkert fast í hendi ef sviptingar verða á gengi krónunnar.

Verkalýðsfélag Akraness

sendir öllum félagsmönnum árnaðaróskir á baráttudegi verkafólks.

Stöndum vörð um réttindi okkar!



Skrifstofa félagsins

Skrifstofa Verkalýðsfélags Akraness er að Sunnubraut 13. Opíð er alla virka daga frá kl. 08:00 - 16:00. Utan afgreiðslutíma er hægt að ná í formann félagsins, Vilhjálmmur Birgisson, í síma 8651294.

Starfsmenn skrifstofu

Vilhjálmur Birgisson
formaður
vilhjalmur@vlfa.is • 4309902

Björg Bjarnadóttir
skrifstofufulltrúi
bjorg@vlfa.is • 4309906

Dagbjört Guðmundsdóttir
skrifstofufulltrúi
dagbjort@vlfa.is • 4309903

Inga Maren Ágústsdóttir
skrifstofufulltrúi
inga@vlfa.is • 4309905

Elín Th. Reynisdóttir
starfsendurhæfingarráðgjafi
elin@vlfa.is • 4309904

Fréttabréf Verkalýðsfélags Akraness

Nr. 18 • 10. árgangur • maí 2014

Útgefandi: Verkalýðsfélag Akraness

Sími: 4309900 Fax: 4309901

Netf.: skrifstofa@vlfa.is

Ábm.: Vilhjálmmur Birgisson

Umsjón: Björg Bjarnadóttir

Prentun: Prentmet Vesturlands

Forsíðumynd: Þórarinn Jónsson

Ávarp formanns

Ágætu félagar, þann 14. október næstkomandi verða liðin 90 ár frá stofnun Verkalýðsfélags Akraness. Það er ótrúlegt að líta yfir farinn veg og sjá allt það sem hefur áunnist þegar kemur að hinum ýmsu réttindum verkafólks. Það er ekki auðvelt að setja sig í spor þess baráttufólks sem kom saman í Bárúhúsinu á Akranesi haustið 1924 með það að markmiði að stofna verkalýðsfélag. Til þess að setja sig í þau spor þarf að hugsa til þess hversu mikið samfélagið hefur breyst síðan þá. Baráttan fyrir bættum kjörum verkafólks var stutt á veg komin og ekki má heldur gleyma atvörum sem við í dag lítum á sem sjálfsagða hluti en gera okkur störfin svo miklu auðveldari.



Vilhjálmur Birgisson,
formaður VLF

Þó að samfélagið hafi gjörbreytt á þessum 9 áratugum sem liðin eru frá stofnun félagsins eru þó ákveðnir hlutir sem aldrei breytast og lifa óháðir öðrum breytingum. Verkalýðsfélag Akraness vinnur fyrir sína félagsmenn og leiðarljós félagsins er að verja þeirra hagsmuni og bæta lífsgæði þeirra. Með því að skoða sögu félagsins má sjá að með áratuga millibili koma sömu mál upp aftur og aftur þó svo að ytri aðstæður séu ekki þær sömu. Þegar félagið var aðeins 15 ára gamalt, haustið 1939, var haldinn fjölmennur fundur þar sem ýmis mikilvæg mál voru rædd. Á meðal umræðuefna var hversu nauðsynlegt það væri að hafa eftirlit með verðlagi svo ekki væri okrað á lífsnauðsynjum fólks á erfiðum tímum. Var það mat fundarmanna að í hverju þorpi ætti að vera maður sem hefði það hlutverk að fylgjast með verðlagi og var í kjölfarið kosið í þriggja manna nefnd sem hafði það hlutverk á Akranesi. Nú, 75 árum síðar, er Verkalýðsfélag Akraness að fylgjast með verðlagi með reglulegu millibili enda hafa undanfarin ár verið mörgum erfið og því ekki boðlegt að okrað sé á nauðsynjavörum, ekki frekar en árið 1939.

En lífið er ekki bara vinna og það er ekki síður nauðsynlegt fyrir félagsmenn að eiga góðar stundir með fjölskyldunni í frítíma sínum. Orlofsjóður félagsins býður upp á ýmsa afþreyingu sem er niðurgreidd fyrir félagsmenn og má þar nefna orlofshúsin sem alltaf eru vel nýtt sem og niðurgreiðslu á til dæmis veiði- og útilegukortum. Sú stefna félagsins að hlúa einnig að félagsmönnum sínum utan vinnutengdra mála kom snemma fram og voru fyrstu orlofsferðirnar á vegum félagsins farnar í ágúst árið 1945. Á þeim tíma var ekki jafn einfalt að skreppa í stuttar ferðir og er í dag og voru farnar tvær ferðir, annars vegar þriggja daga ferð austur í Fljótshlíð og hins vegar fimm daga ferð um norðurlandið. Mæltust ferðirnar mjög vel fyrir og var áframhald á þeim en í dag er hafður sá háttur á að eldri félagsmönnum er árlega boðið í skemmtilega dagsferð þar sem þess er notið að skoða bæði náttúruna og sögufræga staði og borða góðan mat saman.

Tilvera félags eins og Verkalýðsfélags Akraness byggir á félagsmönnum þess. Þeir eru máttur félagsins og það er alveg ljóst að það þarf sterka heild til að ná fram kröfum um mannsæmandi laun og góðan aðbúnað verkafólks. Þegar ég tók við Verkalýðsfélagi Akraness fyrir rúmum 10 árum gat ég ekki gert mér í hugarlund hversu margþætt starf er í raun hægt að vinna í gegnum stéttarfélag. Verkalýðsfélag Akraness vex stöðugt og það á jákvæðan hátt fyrir félagsmenn þess. Staðan að þessu leyti er því sú sama og árið 1924, félagið vinnur í þágu sinna félagsmanna ofar öllu öðru. Það er einlæg ósk mín að félagið haldi áfram að vaxa og dafna og þau 90 ár sem liðin eru frá stofnun félagsins séu aðeins upphaf þess sem kom skal.

Góðir félagar, baráttukveðjur í tilefni dagsins, við höldum ótrauð áfram veginn!
Vilhjálmur Birgisson

15,5 milljónir greiddar í starfsmenntastyrki

Á árinu 2013 nýttu félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness sér vel hina ýmsu styrki sem félagið býður upp á. Til að mynda fengu 362 félagsmenn styrki úr þeim starfsmenntasjóðum sem félagið á aðild að og nam upphæð styrkjanna samtals 15,5 milljónum sem er talsverð aukning frá fyrra ári og verður að teljast afar ánægjuleg þróun.

Þegar litið er yfir þá styrki sem afgreiddir voru er flóran fjölbreytt: framhaldsskólanám, háskólanám, vinnuvélanámskeið, meirapróf, lesblindugreining, köfun, naglaásetning, kerfisfræði, svæðanudd, hraðlestrarnámskeið, einkaþjálfaranám, lífvarðanámskeið, tungumálanámskeið, tölvunámskeið, Dale Carnegie, smáskípanámskeið, og svo mætti lengi telja. Félagsmenn sem eru í námi eru eindregið hvattir til að athuga rétt sinn til endurgreiðslu hjá félaginu.

Herjólfur

Félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness geta fengið ódýrari fargjöld með Herjólfí. Afslátturinn nemur 40% frá fullu verði (bæði fyrir farþega og ökutæki) og gildir fyrir félagsmanninn og fjölskyldu hans.

Til að njóta afsláttarins þarf að bóka og greiða fyrir ferðina á skrifstofu Verkalýðsfélags Akraness, Sunnubraut 13 eða í síma 4309900. Þegar bókun hefur verið frágengin fær félagismaðurinn bókunarnúmer sem hann framvísar á afgreiðslustöðum Herjólfis í Vestmannaeyjum, Landeyjahöfn eða í Reykjavík til að fá miða. Einnig er hægt að fá miðana senda í tölvupósti til útprentunar heima.

Sjúkrasjóður Verkalýðsfélags Akraness

sendir félagsmönnum
baráttukveðjur
í tilefni 1. maí.

Stöndum vörð um réttindi
verkfólks!

Trúnaðarmenn

Á hverri vinnustöð þar sem vinna að minnsta kosti 5 manns skal kjósa trúnaðarmann. Séu starfsmenn fleiri en 50 skulu trúnaðarmenn vera tveir. Trúnaðarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn.

Trúnaðarmenn njóta samkvæmt lögum verndar gegn uppsögnum vegna starfa sinna og ganga fyrir í störf þurfi að koma til uppsagna. Trúnaðarmaður er tengiliður stéttarfélagins og starfsmanna og fulltrúi félagsins á vinnustað. Trúnaðarmaður á að reyna að leysa úr fyrirspurnum félaga sinna og rannsaka umkvartanir þeirra ef þær varða félagslegan eða lagalegan rétt starfsmanna og nýtur stuðnings stjórnar og starfsmanna félagsins vegna þess.

Athugaðu hver er trúnaðarmaður á þínum vinnustað. Þurfi að kjósa nýjan trúnaðarmann veitir starfsfólk skrifstofu VLFA fúslega aðstoð við framkvæmdina. Athygli er vakin á því að eftir kosningu trúnaðarmanns þarf að tilkynna um kjörið til félagsins þar sem félagið þarf að tilnefna nýjan trúnaðarmann formlega.

Orlofsuppbót

Félagsmenn eru hvattir til að fylgjast vel með því að orlofsuppbót skili sér rétt. Orlofsuppbót skal greiða út þann 1. júní miðað við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfelld í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á orlofsárinu eða eru í starfi í fyrstu viku í maí. Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

Upphæð orlofsuppbótar er mismunandi eftir kjarsamningum, en helstu upphæðir eru sem hér segir:

• Almennur vinnumarkaður	kr. 39.500,-
• Samiðn	kr. 39.500,-
• Ríkið	kr. 39.500,-
• Sveitarfélög	kr. 39.000,-
• Elkem og Klafi	kr. 160.436,-
• Norðurál	kr. 155.822,-

Vissir þú að...

...eftir eins árs starf hjá sama vinnuveitanda teljast fjarvistir vegna lögbundins fæðingarorlofs til starfstíma við útreikning desember- og orlofsuppbótar?

Öskudagurinn

Á öskudaginn er skemmtilegur bragur á bæjarlífinu þegar alls konar fígúrir hlaupa á milli húsa og syngja fyrir bæjarbúa og fá sælgæti að launum. Eins og venjulega var líf og fjör á Sunnubrautinni langt fram eftir degi og það fór ekki á milli mála að krakkarnir voru í ár afar metnaðarfull í búningagerð og söng og að sjálfsgöðu tók starfsfólk félagsins vel á móti þeim þegar þau komu. Hér koma nokkrar vel valdar myndir, en fleiri myndir er að finna á Facebook síðu félagsins og á heimasíðunni.



Forskot á Félagavefnum

Ört stækkandi hópur félagsmanna notar Félagavef VLFA til að bóka orlofshús allt árið um kring, skoða punktastöðu og fylgjast með iðgjaldaskilum.

Þegar kemur að úthlutun orlofshúsa hafa þeir sem nota Félagavefinn ákveðið forskot á aðra umsækjendur, enda er þeirra sýn á laus hús nákvæmlega sú sama og sýn starfsmanna félagsins.

Um hádegisbil þann 6. maí tekur reglan „Fyrstir koma - fyrstir fá“ gildi, og þá er venjulega röð út úr dyrum á Sunnubrautinni þegar félagsmenn bóka þær vikur sem gengu af eftir endurúthlutun. Notendur Félagavefsins sleppa við röðina, þeir geta setið í þægindum heima hjá sér, bókað álitlega viku og greitt hana strax með korti.



Gjain í Þjórsárdal

Sumarúthlutun 2014

...helstu dagsetningar

14. apríl -	Fyrri úthlutun fór fram, allir umsækjendur fengu svarbréf í pósti (einnig er hægt að sjá strax inni á félagavefnum).
02. maí -	Eindagi fyrri úthlutunar, þeim vikum sem ekki eru greiddar á eindaga er úthlutað aftur. Leyfilegt er að breyta umsóknum og leggja inn nýjar umsóknir.
06. maí -	Endurúthlutun fer fram, þeir sem fá úthlutað fá það staðfest með bréfi.
06. maí - kl. 12:00	Fyrstir koma, fyrstir fá! Þeir sem fyrstir koma geta bókað lausar vikur (athugið að eftir eindaga endurúthlutunar getur lausum vikum fjölgað).
13. maí -	Eindagi endurúthlutunar.



Sólpallurinn í Hraunborgum

Gistimiðar - Veiðikort - Útilegukort

...fyrir þá sem kjósa eitthvað annað en sumarbústaði



Orlofssjóður VLFA niðurgreiðir gistingu á Hótel Eddu og Fosshótelum til félagsmanna. Félagsmenn bóka sjálfir á hótelnunum, en taka fram að þeir muni greiða með gistimiða frá stéttarfélagi. Gistimiðarnir eru til sölu á skrifstofu félagsins á kr. 6.000 og einn orlofspunktur. Athugið að yfir sumartímamann getur þurft tvo miða. Sölutímabil gistimiða á Edduhótel er frá maí til júlí. Sölutímabil gistimiða á Fosshótel er allt árið um kring.

Miðað er við að hver félagsmaður geti keypt fimm gistimiða á ári og eru þeir einungis ætlaðir til notkunar fyrir félagsmenn sjálfa.

Orlofssjóður VLFA niðurgreiðir einnig Veiðikortid og Útilegukortid til félagsmanna. Kortin eru til sölu á skrifstofu félagsins á um 50% af almennu söluverði, Veiðikortid á kr. 3.500 og Útilegukortid á kr. 8.000, auk þess sem einn orlofspunktur er dreginn af félagsmanni við kaupin. Sölutímabil er frá því kortin eru gefin út að vori og fram á mitt sumar.

Miðað er við að hver félagsmaður geti keypt eitt Veiðikort og eitt Útilegukort á ári og eru kortin ætluð til notkunar fyrir félagsmenn sjálfa.



Nýr samningur



Í síðustu viku voru talin atkvæði vegna samkomulags um breytingar og framlengingu á kjarasamningi við fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs við Starfsgreinasambands Íslands, en Verkalýðsfélag Akraness á aðild að þeim samningi. Samkomulagið var undirritað 1. apríl síðastliðinn og félagar greiddu atkvæði um samkomulagið í

póstatkvæðagreiðslu. Atkvæði voru talin sameiginlega á landsvísi og var samningurinn samþykktur með 71,5% atkvæða en kjörsókn var 30%.

Helstu atriði samkomulagsins eru þau að laun í launaflokki 1-10 hækka um 9.750 krónur en laun í launaflokki 11 og ofar hækka um 2,8%, þó að lágmarki um 8.000 krónur. Einnig var samið um tvær eingreiðslur – annars vegar 14.600 kr. í apríl 2014 og hins vegar 20.000 kr. eingreiðslu í febrúar 2015. Báðar eingreiðslurnar miðast við fullt starf.

Rauðir dagar

Margir hafa eflaust tekið eftir því að á dagatali aprílmánaðar voru óvenju margir svokallaðir rauðir dagar, en það eru launaðir frídagar sem kveðið er á um í kjarasamningum.

Þá er gott að minna á að á hinum almenna vinnumarkaði er það svo að eftir eins mánaðar starf á starfsmaður að fá frí, en halda óskertum dagvinnulaunum á stórhátíðardögum og öðrum fríðögum. Það breytir engu að þeir falli svo margir á virka daga í apríl, þetta jafnast út yfir lengri tíma.

Athugið einnig að ef starfsmenn einhverra hluta vegna vinna á rauðum dögum er aukalega greitt fyrir þá.

Stórhátíðardagar eru: Aðrir frídagar eru:

- Nýársdagur
- Föstudagurinn langi
- Páskadagur
- Hvítasunnudagur
- 17. júní
- Jóladaður
- Aðfangadagur e. kl. 12
- Gamlársdagur e. kl. 12
- Skírdagur
- Annar í páskum
- Uppstigningardagur
- Sumardagurinn fyrsti
- 1. maí
- Annar í hvítasunnu
- Annar í jólum
- Frídagur verslunarmanna

Aðalfundur



Árlegur aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness var haldinn á Gamla Kaupfélaginu mánudaginn 29. apríl sl. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf, stjórn kynnti ársskýrslu sína þar sem greint var frá því helsta sem stjórnir og starfsfólk fengust við á annasömu ári.

Endurskoðandi félagsins fór yfir ársreikningana, allir sjóðir skiluðu góðum hagnaði en heildarhagnaður félagsins á árinu 2013 nam 85,2 milljónum króna.

Eins og sést er afkoma félagsins afar góð eins og undanfarin ár. Góð afkoma þýðir að mögulegt er að gera ennþá betur í að bæta við og auka réttindi félagsmanna og efla sjóði félagsins. Það er mikilvægt að rekstur félagsins sé með þessum hætti, því fjárhagslega sterkt og sjálfstætt félag er engum háð og betur í stakk búð til að styðja við sína félagsmenn og berjast fyrir réttindum þeirra af öllum kröftum.

Lögfræðipjónusta



Verkalýðsfélag Akraness er með samning um lögfræðipjónustu við Pacta lögmenn og er það Jón Haukur Hauksson, lögmaður stofunnar á Akranesi sem annast þá þjónustu.

Auk þess að veita starfsmönnum félagsins lögfræðiráðgjöf stendur félagsmönnum til boða fyrsta viðtal hjá lögmanni þeim að kostnaðarlausu. Félagsmenn sem vilja nýta sér þetta snúi sér til skrifstofu VLFA.

Vissir þú að...

... skýrar og ákveðnar reglur gilda um uppsagnir? Fyrirvaralaus uppsögn er ekki heimil nema að uppfylltum afar þröngum skilyrðum. Ef þú ferð fyrirvaralaus uppsögn skaltu strax hafa samband við þitt stéttarfélag, ekki bíða með það.

Sérkjör og afslættir fyrir félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness

Félagsskírteini Verkalýðsfélags Akraness gildir sem afsláttarkort hjá fjölda fyrirtækja og þjónustuaðila á Akranesi. Þetta samstarf hefur gengið frábærlega og hefur mikill fjöldi félagsmanna notið góðs af þeim sérkjörum sem samstarfsaðilarnir bjóða.

Að sjálfsögðu verður framhald á þessu samstarfi og nú hafa ennþá fleiri samstarfsaðilar bæst í hópinn.



Samstarfsaðilar Verkalýðsfélags Akraness eru:

Apótek Vesturlands: 10% afsláttur af vörum í búð (ekki lyfjum)

Bifreiðaverkstæðið Brautin: 7% afsláttur af vinnu

Dekur snyrtistofa: 10% afsláttur af allri þjónustu og vörum

Gallerí Ozone: 10% afsláttur

Omnis: 15% afsláttur af skólavörum, skrifstofuvörum og bleki, 5% afsláttur af tölvum og öðrum vörum

LH Bókhald: Lilja Halldórsdóttir viðurkenndur bókari, 15% afsláttur af vinnu við bókhald og skattframtalagerð

Model: 5-10% afsláttur af ýmsum vörum, blómum, gólfefnum og tækjum, sjá nánar á www.vlfa.is

N1: Umtalsverður afsláttur á eldsneyti, vörum og þjónustu. Sækja þarf um sérstaklega, sjá nánar á www.vlfa.is

Olís: Umtalsverður afsláttur á eldsneyti, vörum og þjónustu. Sækja þarf um sérstaklega, sjá nánar á www.vlfa.is

Orkan: Umtalsverður afsláttur á eldsneyti, vörum og þjónustu. Sækja þarf um sérstaklega, sjá nánar á www.vlfa.is

Ormsson: 5-10% afsláttur af ýmsum vörum

Rafþjónusta Sigurdórs: 5% afsláttur af vinnu og 10% afsláttur af efni

Sigurður Þór Elísson, ökukennari: 10% afsláttur af ökukennslu til félagsmanna og barna þeirra

Trésmiðjan Akur: 7% afsláttur af vinnu

Tryggingafélagið VÍS: 5% afsláttur af iðgjöldum óháð öðrum afsláttarkjörum sem félagsmenn kunna að hafa



Verkalýðsfélag Akraness

Sunnubraut 13 • 300 Akranes • Sími 430 9900 • Fax: 430 9901 • skrifstofa@vlfa.is

Verðlagseftirlit VLFA

Verðlagseftirlit VLFA hefur nú verið starfrækt í rúmt ár og á því ári hafa fulltrúar félagsins þrisvar sinnum keypt fyrirfram ákveðna vörukörfu í ónefndri verslun hér í bæ og staðgreitt á kassa, nú síðast í lok apríl. Tilgangur þessa verðlagseftirlits er ekki að bera saman verð milli verslana, heldur að fylgjast með verðlagsþróun á svæðinu yfir lengri tíma.

Í vörukörfu verðlagseftirlits VLFA eru ýmsar vörutegundir úr flestum vöruflokkum, bæði innlendar og erlendar vörur, brauðmeti, kex, kaffi, gos, grænmeti, ávextir, egg, ýmsar mjólkurvörur, lambakjöt, nautahakk, fiskur, kjúklingur, morgunkorn, sælgæti, þurrmat, dósamat, krydd, bleyjur, ræstiefni og hreinlætisvörur. Ef vara er seld eftir vigt, er alltaf notuð sama þyngd til að samanburður sé marktækur.

Þau ánægjulegu tíðindi berast nú frá verðlagseftirliti VLFA að fyrir vörukörfu sem kostaði kr. 24.840 í febrúar 2013, voru nú í apríl 2014 greiddar kr. 25.288. Hækkunin nemur 448 krónum eða 1,8% á þessum 14 mánuðum, sem verður að teljast jákvætt í ljósi þeirra skefjalausis hækkana sem almennt dynja á íslenskum neytendum þessi misserin.

Verðlagseftirlit VLFA verður áfram starfsrækt og er von stjórnar VLFA að slíkt aðhald verði verslunum hvatning til að halda aftur af verðhækkunum eins og kostur er.

Um lágmarkshvöld



Lágmarkshvöld á milli vinnutarna er 11 klst, án skerðingar á dagvinnulaunum. Sé starfsmaður beðinn um að mæta til vinnu áður en 11 klst. hvöld er náð myndast 1,5 klst í frítökurétt í dagvinnu fyrir hvern þann klukkutíma sem hvöldin skerðist um.

Tökum dæmi um starfsmann sem vinnur venjulega frá kl. 8-16. Einn daginn er óvenju mikið í húfi og hann vinnur til kl. 23. Hann á að fá 11 tíma hvöld í framhaldi af þessari löngu vinnulotu svo hann þarf ekki að mæta í vinnuna fyrr en kl. 10 morguninn eftir. Dagvinnulaun hans skerðast þó ekki, hann fær greidd laun frá kl. 8.

Vinnuveitandi hans getur samið við hann um að mæta kl. 8, en geri hann það vantar 2 tíma upp á að starfsmaðurinn nái lágmarkshvöld. Starfsmaðurinn myndi í því tilfelli eiga inni 3 tíma í frítökurétt (2 tímar x 1,5) sem hann má taka út þegar betur stendur á.

Talsvert er um að starfsfólk VLFA aðstoði félagsmenn við að reikna út hversu marga tíma þeir eigi inni vegna skerðingar á hvöldartíma, jafnvel nokkra mánuði aftur í tímenn. Til að það sé hægt er mikilvægt að halda vel utan um tímaskriftir og er félagsmönnum bent á að litla dagbókin sem félagið gefur út er sérlega hentug til þess.

Vegna veikinda

Ekki segja upp vinnunni eða semja um minna starfshlutfall ef þú lendir í veikindum, án þess að ráðfæra þig við félagið þitt.

Allt of oft gerist það að félagsmenn leita of seint til félagsins þegar þeir lenda í veikindum eða slysum. Dæmi eru um að félagsmenn hafi jafnvel skrifað undir uppsögn eða nýjan lakari ráðningarsamning af því þeir hafa ekki fengið réttar upplýsingar. Veikindarétturinn er sterkur og hann á alls ekki að gefa eftir.

Þetta á einnig við í slysatilfellum, en afleiðingar slysa koma stundum fram á löngum tíma og því afar brýnt að rétt sé að málum staðið strax í upphafi.

Vissir þú að...

... þú átt að fá LAUN fyrir alla þá vinnu sem þú innir af hendi? Prufudagar án launa eru ólöglegir!

*Sendum félagsmönnum
Verkalýðsfélags Akraness
Þar áttukveðjur 1. maí*

BIFREIÐAVERKSTÆÐIÐ BRAUTIN

Dalbraut 16 • 4312157

SKAGAVERK

Skarðsbraut 11 • 4312345

SMURSTÖÐ AKRANESS

Smíðjuvöllum 2 • 4312445

ÚTILEGUKORTIÐ

Vikurbvarfi 6 • 5524040

VERSL. EINAR ÓLAFSSON

Skagabraut 9-11 • 4312015

SPÖLUR

Kirkjubraut 28 • 4315900

1. maí á Akranesi

Verkalýðsfélag Akraness,
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, VR,
FIT Félag iðn- og tæknigreina, Kennarasamband Íslands og
Sjúkraliðafélag Íslands

standa fyrir dagskrá á hátíðar- og baráttudegi verkafólks 1. maí

Safnast verður saman við **Kirkjubraut 40 kl. 14:00** og genginn hringur á Neðri-Skaga.
Að göngu lokinni verður hátíðardagskrá
í sal Verkalýðsfélags Akraness á 3. hæð að Kirkjubraut 40.

**ATH! Frítt í bíó
fyrir börnin í
Bíóhöllinni
kl. 15:00 í boði
stéttarfélaganna**

- Fundarstjóri: Vilhjálmur Birgisson•
- Ræðumaður dagsins: Skafti Steinólfsson•
- Grundartangakórinn syngur nokkur lög•
 - Glæsilegar kaffiveitingar•

Félagsmenn fjölmennið!

1. maí nefndin

Hvað gerir félagið fyrir þig?

✓ Félagssjóður:

- Gerð og túlkun kjarasamninga • Lögfræðiráðgjöf
- Innheimta vangreiddra launa • Aðstoð við varðveislu áunninna réttinda

✓ Sjúkrasjóður:

- Sjúkradagpeningar • Fæðingarstyrkur
- Heilsueflingarstyrkur • Gleraugnastyrkur
- Heyrnartækjastyrkur • Dánarbætur • Styrkur vegna heilsufarsskoðana og tannlæknakostnaðar • Styrkur vegna glasa-, tæknifrjóvgunar eða ættleiðingar • Styrkur vegna meðferðar hjá sálfræðingum • Styrkur vegna göngugreiningar og innleggjakaupa

✓ Orlofssjóður:

- Orlofshús, sumar- og vetrarleiga • Veði- og Útilegukort með 50% afslætti • Ódýrari gisting á Fosshótelum og Edduhótelum • Frír aðgangur að tjaldsvæðinu í Svínadal og veiði í vötnunum þremur • Ódýrari ferðir í Hvalfjarðargöng og með Herjólfri • Ferð í boði félagsins fyrir eldri félagsmenn

✓ Vinnudeilusjóður:

- Styrkir í verkföllum eða verkbönnum

✓ Fræðslusjóður:

- Styrkir vegna náms sem eykur möguleika á vinnumarkaði 75% af kostnaði upp að kr. 60.000 • Af þeirri upphæð má nýta kr. 20.000 vegna tómstundanáms • Meirapróf er styrkt um kr. 100.000



Virk Starfsendurhæfingarsjóður



Elín Th. Reynisdóttir
Ráðgjafi Virk á Akranesi

Ef þú glímir við veikindi, hefur verið í veikindaleyfi vegna þíns heilsubrests og vilt snúa aftur í vinnu, þá gæti starfsendurhæfing mögulega hjálpað þér. Starfsendurhæfing hefur upphaf og endi, þess vegna er mikilvægt að ljúka endurhæfingu og því sem lagt er upp með en ekki hætta í miðju kafi. Elín Th. Reynisdóttir starfar sem ráðgjafi á vegum Virk starfsendurhæfingarsjóðs og hefur hún aðsetur á skrifstofu VLFA, Sunnubraut 13

en þjónustar félagsmenn allra stéttarféлага á Akranesi. Aðspurð segir hún starfið margþætt:

„Sem ráðgjafi Virk á Akranesi er það mitt hlutverk að styðja við og veita ráðgjöf hverjum þeim sem vill efla starfsgetu sína með það að markmiði að snúa aftur í vinnu. Þær leiðir sem ég starfa eftir hafa verið þróaðar hjá Virk og fela í sér greiningu á stöðu hvers og eins og möguleikum hans í endurhæfingu. Mikilvægast liðurinn í endurhæfingu er einstaklingurinn sjálfur því það breytist ekkert nema maður sjálfur sé tilbúinn til að vinna vinnuna. Nauðsynlegt er að heilsubrestandur sé staðfestur af lækni og þegar sú staðfesting liggur fyrir er hægt að panta viðtal. Sjálfsagt er að hafa samband og fá leiðbeiningar og ráðleggingar ef beiðni frá lækni liggur ekki fyrir.“

„Við njótum aðstoðar fagaðila á því sviði sem við á í hvert sinn og leiðir í endurhæfingu eru einstaklingsbundnar þar sem bakgrunnur, bjargir, heilsufarslegir og félagslegir þættir eru ólíkir. Þess vegna byrja ég á að kortleggja og meta stöðuna og í framhaldi er í sameiningu sett upp ákveðin áætlun og unnið út frá henni. Í upphafi þjónustu er farið yfir mál hvers og eins í þverfaglegu teymi Virk en það er gert til að tryggja að þjónustan sé sem best. Í endurhæfingaráætlun kemur fram hver, hvað og hvernig á að vinna með það sem hindrar atvinnuþátttöku, samhliða því sem styrkleikar eru greindir og ýtt undir að þeir séu nýttir á jákvæðan hátt í endurhæfingunni. Til dæmis ef streita og depurð eru hindrandi þættir þá er líklegt að viðtöl hjá sálfræðingi verði hluti af endurhæfingaráætluninni, með það að markmiði að læra streitustjórnun og draga úr depurðareinkennum. Notendur þurfa ekki að velta fyrir sér kostnaði vegna þeirra úrræða sem tilheyra endurhæfingaráætluninni þar sem þjónustan er þeim að kostnaðarlausu.“

„Ég hef samskipti við lækna og aðra fagaðila og stofnanir eftir þörfum og tel það mikilvægt til að hægt sé að veita markvissan samfelldan stuðning. Á þann hátt eru allir sem koma að málum upplýstir um það hvert stefnt er, hvað búið er að gera og hvað er framundan. Í dag er það þannig að flestir fara í launað starf, virka atvinnuleit eða láns hæft nám við lok þjónustu hjá ráðgjafa. Ef svo er ekki, þá lýkur þjónustu með starfsgetumati í lok endurhæfingar. Niðurstaða þess mats getur verið lögð til grundvallar þegar ákvörðun annarra stofnana er tekin er varðar framfærslu.“

Sá sem ekki getur það sem hann vill,
verður að vilja það sem hann getur.
-Battista Guarini

Sendum félagsmönnum Verkalýðsfélags
Akraness baráttukveðjur 1. maí

BIFREIÐASTÖÐ ÍPÍP

Dalbraut 6 • 4311500

BRAUÐVAL

Vallholti 5 • 4341413

EFLING STÉTTARFÉLAG

Sætúni 1 • 5107500

GAMLA KAUPFÉLAGIÐ

Kirkjubraut 11 • 4314343

GÁMAÞJÓNUSTA VESTURLANDS

Höfðaseli 15 • 4350000

HM PÍPULAGNIR

Vesturgötu 119 • 4314666

OMNIS

Dalbraut 1 • 4449901

SJÓNGLERIÐ

Skólabraut 25 • 431 1619

Hefur þú lent í slysi?



Ef þú hefur lent í umferðarslysi, vinnuslysi, slysi í frítíma eða við aðrar aðstæður getur þú átt rétt á bótageiðslum vegna afleiðinga slyssins.

Jón Haukur og lögmenn Pacta um allt land geta aðstoðað við að sækja réttmætar bætur til bótageiðenda. Hjá PACTA starfa lögmenn sem hafa áralanga reynslu á þessu sviði.

Hafðu samband við okkur, fyrsta viðtal til að skoða málið og kanna réttarstöðu þína er þér að kostnaðarlausu.

Kannaðu rétt þinn til bóta

www.pacta.is

Jón Haukur Hauksson hdl.
Kirkjubraut 12 | Akranes
sími 440 7900 | jonhaukur@pacta.is



PACTA
L Ö G M E N N

„Auðvitað er stórt skref að kaupa íbúð“

Ein mikilvægasta ákvörðunin sem við tökum er að fjárfesta í íbúð. Þess vegna skiptir máli að hafa fjölbreytta valkosti og góða ráðgjöf í takt við ólíkar þarfir. Allt sem skiptir máli um íbúðalán, á landsbankinn.is/istuttumali.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Ýr Káradóttir
Viðskiptavinur Landsbankans



Við sendum félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness baráttukveðjur 1. maí!

